



Sara M. Ólafsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir

# Nýsköpunarmennt í leikskólastarfi: Hugmyndir barna um hönnun leikskólalóðar

► Um höfunda ► Efnisorð

Nú á tímum er oftast en áður leitað eftir þátttöku barna við að móta það samfélag sem þau búa í. Börn eru talin sterk og hæf til þess að láta skoðanir sínar í ljós og þau hafa rétt til þess að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Aðferðir nýsköpunarmenntar hafa verið notaðar með börnum til þess að ýta undir að börn séu virkir þátttakendur í námi sínu og fái tækifæri til þess að móta og koma á framfæri nýjum hugmyndum.

Markmiðið með því verkefni sem hér er sagt frá var að nýta aðferðir nýsköpunarmenntar til þess að laða fram hugmyndir leikskólabarna um endurskipulagningu og hönnun leikskólalóðar. Þátttakendur voru 4-5 ára börn í leikskóla sem staðsettur er á landsbyggðinni. Börnin notuðu fjölbreyttar aðferðir til þess að þróa hugmyndir sínar og gera þær sýnilegar og fengu stuðning við að koma þeim á framfæri til hönnunaraðila. Börnin tóku ljósmyndir, teiknuðu myndir og umræða þeirra um myndirnar voru skráðar. Þau sóttu síðan fund skipulags- og byggingafulltrúa og kynntu hugmyndir sínar og hann sá til þess að þær væru notaðar við endurhönnun lóðarinnar.

Börnin sýndu að þau voru fær um að koma með nytsamlegar hugmyndir og voru ánægð með þær og stolt af þeim. Börnin fundu því fyrir áhrifamætti og valdefldust við þátttökuna. Þegar lagðar voru saman hugmyndir barnanna, starfsfólks leikskólans og hönnunaraðila var niðurstaðan að þeirra mati vel heppnuð leikskólalóð þar sem börn og starfsfólk una sér vel í leik og starfi. Þetta verkefni er dæmi um hvernig hægt er að vinna með aðferðir nýsköpunarmenntar í leikskóla til þess að koma hugmyndum barna á framfæri, ýta undir sköpunarfærni þeirra og efla trú þeirra á að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt.

Innovation education in preschool: Children's ideas about redesigning their preschool playground

► About the authors ► Key words

Nowadays, more often than before, children are encouraged to take part in shaping the society they live in. Children are considered strong and capable of giving their opinions and having the right to be active participants in society. The methods of innovation education have been used with children to enhance their participation in their learning and giving them opportunities to present new ideas

they have developed.

The purpose of the project presented here was to use the approaches of innovation education to foster preschool children's ideas about redesigning the playground in their preschool. The participants were children, four to five years old, in a preschool located in a rural area in Iceland. The children got opportunities to use multiple methods to develop and make their ideas visible and had support to present them to the re-designer. The children took photographs, drew pictures and their discussions were documented. They visited the planning- and building officer in the area and presented their ideas to him. He made sure that some of their ideas influenced the re-design of the playground.

The children proved that they were capable of coming up with useful ideas which they were pleased with and proud of. The children thus experienced agency and were empowered through the participation. Bringing together the children's ideas, the educators' and the professional designer's, the outcome was according to the children and educators a successful playground which supports children's play and learning. This project is an example on how the methods and approaches of innovation education can be used in preschool in order to make children's ideas visible; support their creative capacities and have influence on their environment.

## Inngangur

Nú á tímum er lögð áhersla á að leita eftir þátttöku barna við að móta það samfélag sem þau búa í (Clark og Moss, 2001). Ástæður þess eru meðal annars að börn eru talin sterk og hæf til þess að láta skoðanir sínar í ljós (Jóhanna Einarsdóttir, 2006) og þau hafa rétt til þess að tjá sig um málefni sem tengjast þeim á einhvern hátt (Samningur Sameinuðu þjóðanna, 1989). Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að hlusta á hugmyndir barna um umhverfi sitt svo þau geti haft áhrif á það (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012, Clark og Moss, 2001). Til þess að fanga hugmyndir barna hafa verið notaðar fjölbreyttar aðferðir vegna þess að börn tjá hugmyndir sínar með fjölbreyttum hætti. Dæmi um aðferðir sem notaðar hafa verið með börnum eru ljósmyndir barna, teikningar þeirra og samtöl við börn (Clark, 2005). Aðferðir nýsköpunarmentar hafa auk þess verið notaðar í skólastarfi en þær byggja á því að börn séu virkir þátttakendur í námi sínu þar sem þeim eru skapaðar aðstæður til þess að móta og koma á framfæri nýjum hugmyndum (Craft, 2001; Svanborg R. Jónsdóttir, 2008).

Í þessari grein er fjallað um verkefni þar sem leikskólabörnum var boðið tækifæri til þess að greina frá hugmyndum sínum um leikskólalóðina sína. Leikskólakennarinn sem starfaði í leikskólanum hafði fengið vitneskju um gera ætti breytingar á leikskólalóðinni og fannst mikilvægt að börnin fengju eitthvað um þær að segja. Hann fann því leiðir til þess að fá fram hugmyndir barnanna um leikskólalóðina sína og koma þeim á framfæri til þeirra sem taka áttu ákvarðanir um framkvæmdirnar. Leikskólakennarinn, sem er fyrsti höfundur þessarar greinar, hafði leitast við að nýta lýðræðislegar aðferðir í starfi sínu og hafði bæði kynnt sér aðferðir nýsköpunarmentar og Mósaík aðferðina. Hann sá ýmislegt sameiginlegt með þessum aðferðum meðal annars að þær byggja á hugmyndum barna, reynslu þeirra og áhuga. Markmiðið með þessu verkefni var þess vegna að nýta aðferðir nýsköpunarmentar og Mósaík aðferðina til þess að laða fram hugmyndir barna um endurhönnun leikskólalóðar. Tilgangur verkefnisins var að börnin gætu haft meiri áhrif á sitt nánasta umhverfi sem þau þekktu vel þar sem þau léku sér og lærðu nánast daglega.

## Nýsköpunarment í skólastarfi

Víða í heiminum hefur sköpun verið viðurkennd sem mikilvæg hæfni sem hægt sé að efla og rækta meðal annars gegnum menntun (Amabile, 1998; Craft, 2001, 2006; Joubert, 2006; Kaufman og Beghetto, 2009; NACCCE, 1999). Hér á landi hefur mikilvægi sköpunar í menntun verið undirstrikað sem einn af grunnþáttum íslenskra námskráa meðal annars í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Í námskránni kemur fram að nám eigi sér stað þegar einstaklingur vinni með áreiti, tengi það við fyrri þekkingu og skapi nýja. Í sköpun felist að móta viðfangsefni og miðla því, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Þess vegna snýst sköpun um að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika.

Eitt meginþemuleiki sköpunar er möguleikahugsun (e. possibility thinking) og slíka hugsun nýta börn meðal annars til þess að taka stjórn og bregðast við nýjungum (Jeffrey og Craft, 2004). Jeffrey og Craft (2004) benda á að börn þurfi að fá tækifæri til þess að spyrja spurninga, koma auga á vandamál eða málefni auk þess að fá tækifæri til þess að tjá og ræða skoðanir sínar og hugsanir. Með þessum hætti geti þau haft meiri stjórn á námi sínu og þar af leiðandi orðið virkir þátttakendur. Þegar börn fá tækifæri til þess að hafa stjórn á námi sínu er líklegt að þau hafi möguleika á að vera skapandi og rannsaka sjálf. Svanborg R. Jónsdóttir (2004) tekur undir þetta og bendir jafnframt á að hlutverk kennara sem leggja áherslu á sköpun í kennslu sé að veita börnum upplýsingar og skapa þeim aðstæður sem styðja við nám þeirra og virka þátttöku.

Nýsköpunarmennt er námssvið sem ætlað er að efla sköpun barna og hefur verið að ryðja sér til rúms í skólastarfi á Íslandi, meira innan grunnskóla en leikskóla. Aðferðir nýsköpunarmenntar hafa þó verið nefndar sem leið til þess að efla skapandi starf í leikskólum. Svanborg R. Jónsdóttir, Page, Gísli Þorsteinsson og Nicolescu (2008) benda á að í nýsköpunarmennt sé lítið svo á að allir geti verið skapandi þar sem börn nota meðfædda sköpunargáfu sína, fyrri þekkingu og reynslu í skapandi ferli. Svanborg R. Jónsdóttir (2004) telur að í nýsköpunarkennslu sé mikilvægt að börn fái við raunveruleg viðfangsefni og að nám þeirra endurspegli nærsamfélag þeirra.

Nýsköpunarmennt byggir á grunnferlinu þörf-lausn-afurð, þar sem börn greina þarfir eða vandamál, finna lausnir og framkvæma þær eða sýna með lýsingum og teikningum (Svanborg R. Jónsdóttir, 2004; 2011). Þarfaleit er eitt meginatriði nýsköpunarmenntar en þá finna börn þarfir í umhverfi sínu bæði heima fyrir og í skólanum. Þannig er strax komin tenging við þeirra eigið líf og nóg er til af þörfum í daglegu lífi. Svanborg (2004; 2011) telur að námið sem birtist í þarfaleit og úrlausnum endurspeglir vel samfélag og umhverfi barna. Í nýsköpunarmennt nýti börn eigin reynslu, leitist við að leysa vandamál úr eigin lífi, afli sér upplýsinga og leiti lausna á vandamálum sem þau greina sjálf í sínu nánasta umhverfi. Þannig verði til verðmæt þekking um leitina sjálfa og það sem út úr henni kemur. Þegar nýsköpun verður hluti af daglegri hugsun barna geti vandamál jafnvel orðið að skemmtilegu viðfangsefni eða þrautum til þess að leysa. Það sem þau læra er að lausnir geta verið margvíslegar og ólíkar.

Megináherslur í nýsköpunarmennt eru þannig á að efla sköpunarfærni barna og framtakssemi þeirra (Svanborg R. Jónsdóttir, 2011). Áhersla er lögð á að hugmyndir barna séu birtar á einhvern hátt í samfélaginu svo þær hafi möguleika á að hafa þau áhrif sem þeim er ætlað að hafa (Svanborg R. Jónsdóttir, 2011). Náms sviðið er gjarnan kallað á íslensku nýsköpunar- og frumkvöðlamennt með tilvísun í þessa tvo grunnþætti slíkrar menntunar: sköpun og framtakssemi (Svanborg R. Jónsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Jóhanna Karlsdóttir, og Gunnar E. Finnbogason, 2014). Þannig felst í vinnu í nýsköpunarmennt ekki eingöngu áhersla á að efla skapandi hugsun barna heldur einnig áhersla á að styðja þau í að koma hugmyndum sínum á framfæri, gera þær sýnilegar á einhvern hátt og gjarnan þannig að þær hafi áhrif á samfélag þeirra.

Mikilvægt er að skapa aðstæður sem styðja börn við að koma á framfæri nýjum hugmyndum og viðhorfum til að hvetja og styðja hæfni þeirra til sköpunar (Craft, 2001). Craft (2001) telur að börn þurfi að vera þátttakendur í fordómalausum umhverfi þar sem þau finna að óvissa er umborin, þannig þori þau frekar að taka þátt í umræðum, vinna með öðrum og segja frá hugmyndum sínum. Börn þurfi að finna fyrir hvatningu, áskorunum í verkefnum sínum, finnast þau geta tekið frumkvæði og geta fundið viðeigandi upplýsingar. Með því að skapa þessar aðstæður sé líklegra að börnin komi hugmyndum sínum á framfæri.

## Hugmyndir barna og þátttaka

Viðhorf leikskólakennara til barna og bernskunnar hafa áhrif á tækifæri þeirra til þátttöku í skólasamfélaginu (Dahlberg, Moss and Pence, 2013) en þátttaka barna þýðir að þau geti átt hlutdeild í málefnum sem tengjast þeim á einhvern hátt (Clark, 2005; Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Clark og Moss (2001) telja að viðhorf leikskólakennara til barna hafi áhrif á hvernig þeir koma fram við þau, hvernig þeir hlusta á þau og hvort þau fái að taka þátt í að móta umhverfi sitt. Jafnframt vilja þau meina að börn séu hæfir einstaklingar sem hafa trúverðug sjónarmið fram að færa en það hafi leitt til þess meira sé leitað eftir þátttöku þeirra í mótun leikskólasamfélagsins.

Sú þróun hefur orðið undanfarin ár að oft er leitað eftir sjónarmiðum barna um leikskólastarf vegna þess að augu manna hafa opnast fyrir því að börn hafi eigin sýn á hlutina, sjálfstæðar skoðanir og eru sérfróð um eigin líf (Jóhanna Einarsdóttir, 2006). Í rannsóknum Jóhannu Einarsdóttur (2006) kemur fram að börn séu sterk og hæf, hafi rétt til þess að láta skoðanir sínar í ljós og hafi eigin hugmyndir um umhverfi sitt. Hugmyndir barna geta verið ólíkar hugmyndum fullorðinna og því sé mikilvægt að sjónarmið barna komi fram. Svipað viðhorf má sjá í rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Kristínar Karlsdóttur (2012) en þar kemur fram að börn eigi ekki eingöngu rétt á að hafa áhrif á umhverfi sitt heldur séu þau fyllilega fær um það.

Ein af ástæðum þess að farið var að hlusta meira á hugmyndir barna er Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna (1989). Þessi samningur hefur verið mikill áhrifavaldur en hann fjallar meðal annars um réttindi barna til þess að taka þátt í ákvörðunum og tjá skoðanir sínar um málefni sem þau varða. Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að í leikskólanum eigi að leggja grunn að því að börn verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 byggir á þessum lögum og er leiðarvísir um leikskólastarf. Þar er bent á að börn búi við lýðræði þegar þau fái tækifæri til þess að taka virkan þátt í mótun samfélagsins.

Þróuð hefur verið svokölluð Mósaík aðferð sem hefur það að markmiði að virkja börn til þátttöku og tjá skoðanir sínar og viðhorf í þeim tilgangi að hafa áhrif á og móta umhverfi sitt. Eins og nafnið gefur til kynna er leitast við að bjóða börnum upp á fjölbreyttar aðferðir til þess að tjá sig um eigin reynslu og fá fram mismunandi sjónarmið þeirra. Þannig er hægt að byggja upp mynd af veröld barna. Börn fá því fjölbreytt tækifæri til þess að afla gagna og túlka þau með stuðningi kennara. Algengar aðferðir sem notaðar hafa verið eru til dæmis ljósmyndir barna, teikningar þeirra og samtöl við börn (Clark, 2005). Mikilvægt þykir að bjóða börnum upp á fjölbreyttar leiðir til þess að tjá sig vegna þess að börn hafa mismunandi styrkleika sem taka þarf tillit til þegar hlustað er eftir hugmyndum þeirra (Dahlberg o.fl., 2013).

Í rannsókn sinni, notaði Anna Magnea Hreinsdóttir (2012) fjölbreyttar aðferðir til þess fá fram viðhorf barna til leikskólastarfs. Hún komst að þeirri niðurstöðu að þegar leikskólakennarar hlusta á börn og taka tillit til hugmynda þeirra geti það gefið börnum áhrifamátt, styrkt sjálfsmynd þeirra og sjálfræði. Hugmyndir barnanna geti orðið vegvísir

aðgerða í leikskólastarfi þar sem þau geti haft áhrif á daglegar athafnir sínar, skipulag leikskólastarfs og hönnun leikskólahúsnæðis. Þessi áhrif geta leitt til minniháttar skipulagsbreytinga eða breytinga á heildarskipulagi. Því er mikilvægt að bæta við þessa þekkingu með því að skoða hvernig hugmyndir barna og aðferðir nýsköpunarmenntunar geti nýst til þess að endurskipuleggja og gera breytingar á leikskólalóð.

## Framkvæmd

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar var framkvæmt í tveggja deilda leikskóla sem staðsettur er í dreifbýli á Vesturlandi. Þátttakendur voru fjögur börn, 4-5 ára, en þau voru saman á eldri deild skólans þar sem dvöldu alls 25 börn. Komið var að viðhaldi og endurnýjun á skólalóðinni þar sem hún stóðst ekki kröfur heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Leikskólalóðin var nokkuð hefðbundinn með ýmsum leiktækjum svo sem rólum, sandkassa og kastala. Undirlagið var ýmist gras, hellur eða mól auk þess var hóll á leiksvæðinu, runnar og nokkur tré. Leikskólakennari á eldri deild leikskólans (fyrsti höfundur), sem var jafnframt hópstjóri elstu barnanna ákvað að vinna verkefni í anda nýsköpunarmenntar þar sem hugmyndir barnahópsins um hvernig mætti bæta leikskólalóðina yrðu dregnar fram.

Áður en hafist var handa var fengið leyfi fyrir verkefninu frá stjórnendum leikskólans, foreldrum barnanna og börnunum sjálfum. Öllum þessum aðilum var greint frá verkefninu og tilgangi þess en þeir gáfu allir munnlegt samþykki sitt fyrir þátttökunni. Þeim var einnig gert ljóst að þeir gætu hætt þátttöku þegar og ef þeir vildu og fengin voru sérstök leyfi til þess að birta ljósmyndir sem tengdust verkefninu.

Stuðst var við Mósaík aðferðina til þess fá fram hugmyndir barnanna um leikskólalóðina sína. Markmiðið með nota Mósaík aðferðina var að nota fjölbreyttar aðferðir til þess að fanga fjölbreytta tjáningu barna. Tilgangurinn með að nota þessa aðferð var að skapa börnunum aðstæður og tækifæri til þess að skoða umhverfi sitt og tengja við eigin reynslu. Þannig gátu börnin tekið virkan þátt í að hafa áhrif á umhverfi sitt með því að skoða það, hanna og þróa. Með þessum hætti var jafnframt hægt að skoða leikskólalóðina út frá mismunandi sjónarhornum, hvað það þýddi fyrir sérhvert barn að vera í þessum aðstæðum á þessum tíma (Clark, 2005). Aðferðirnar sem notaðar voru með börnunum til þess að fá fram sjónarmið þeirra voru: ljósmyndir og teikningar barnanna auk þess voru samtöl þeirra skráð. Mósaík aðferðin var því notuð til þess að gefa börnunum tækifæri til þess að tjá sig með fjölbreyttum hætti.

Mósaík aðferðin var tengd við þarfaleit sem er ein meginhugmynd nýsköpunarmenntar (Svanborg R. Jónsdóttir, Gísli Þorsteinsson og Page, 2008; Svanborg R. Jónsdóttir og Allyson Macdonald, 2013). Börnin öfluðu sér upplýsinga um leikskólalóðina og leituðust við að leysa vandamál sem þau höfðu sjálf greint. Þannig tengdu þau greiningu sína á leikskólalóðinni við eigin líf og reynslu úr nánasta umhverfi (Svanborg R. Jónsdóttir, 2004). Þarfaleit barnanna fór þannig fram að þeim var öllum boðið að fara saman út á leikskólalóðina með myndavél þar sem þau fengu tækifæri til þess að skiptast á að taka myndir. Þau voru til dæmis beðin um að taka myndir af því sem þeim fannst þurfa að vera á leikskólalóðinni og því sem þeim fannst ekki þurfa að vera þar. Á meðan börnin tóku myndir sögðu þau frá hverju þau voru að taka myndir af og af hverju þau völdu að taka þessar myndir. Leikskólakennarinn skráði frásagnir barnanna jafnóðum á blað. Myndirnar sem börnin tóku voru svo prentaðar út og ræddar en frekar í barnahópnum. Þessar umræður voru einnig skráðar.

Umræðurnar um ljósmyndir barnanna leiddi til þess að þær voru flokkaðar í tvennt. Í fyrsta lagi tóku börnin myndir af leiktækjum sem voru á leikskólalóðinni og þau vildu hafa þar áfram. Í öðru lagi tóku þau myndir af leiktækjum sem þeim fannst ekki áhugaverð eða

voru lítið notuð af börnunum og þurftu því ekki að vera þar áfram. Í framhaldinu var síðan þriðja flokknum bætt við þar sem börnin teiknuðu myndir af því hvernig þau myndu vilja hafa leikskólalóðina ef þau fengju að ráða. Þau teiknuðu því myndir af leiktækjum og öðru sem var ekki á skólalóðinni en þeim þætti áhugavert eða gaman að hafa þar.

## Niðurstöður úr þarfaleit barnanna

Myndirnar sem börnin tóku voru meðal annars af leiktækjum á leikskólalóðinni, öðrum börnum og moldarholu í jörðinni sem þeim fannst þurfa að laga. Á meðan börnin gengu um og tóku myndir ræddu þau hugmyndir sínar hvort við annað og leikskólakennarann. Þau sögðu frá myndunum sínum og af hverju þau tóku þær þannig rökstuddu þau oftast hugmyndir sínar. Til dæmis þegar börnin ræddu um mikilvægi þess að hafa kastalann á lóðinni (mynd 1) sagði önnur stúlkanna: „Við þurfum að hafa kastalann til þess að renna og leika Gulleyjuna”. Börnunum þótti einnig mikilvægt að hafa sandkassann (mynd 2) áfram þó að þau notuðu hann lítið eins og einn drengjanna benti á. Hann sagði að sér þætti leiðinlegt að leika sér í sandkassanum en hann þyrfti samt að vera áfram vegna þess að mörg önnur börn léku sér þar. Myndir 1 og 2 sýna dæmi um myndir sem börnin tóku af þeim leiktækjum sem voru á leikskólalóðinni og þau töldu mikilvægt að hafa þar áfram.



Mynd 1. Kastalinn



Mynd 2. Sandkassinn

Svipuð umræða átti sér stað um myndirnar sem teknar voru af leiktækjum sem börnin töldu að þyrftu ekki að vera á leikskólalóðinni. Börnin bentu á að rólurnar þyrftu ekki að vera vegna þess að þær væru leiðinlegar en þau vildu frekar hafa annars konar rólu. Börnunum þótti klifurgrindin einnig óþörf vegna þess að hún væri lítið notuð og það væri mjög erfitt að klifra í henni. Myndir 3 og 4 sýna dæmi um ljósmyndir sem börnin tóku af leiktækjum sem þeim þótti óþörf á leikskólalóðinni.




Mynd 3. Rólurnar



Mynd 4. Klifurgrindin

Þegar börnin höfðu tekið myndir af leikskólalóðinni var þeim boðið að koma með hugmyndir að því hvernig þau sæju fyrir sér nýja leikskólalóð. Til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri teiknuðu börnin myndir af því sem þau sáu fyrir sér að gæti átt heima á lóðinni þeirra í framtíðinni. Tvö börn teiknuðu „kóngulóarólu“ og ein stúlknanna lýsti henni svona: „kóngulóaróla er ein stór róla sem margir geta setið ofan í“. Einn drengjanna teiknaði hjólastíg með beygju vegna þess að það var bara hægt að hjóla fram og tilbaka á hellulagðri stétt sem lá meðfram leikskólabyggingunni. Ein stúlknanna teiknaði leikskólaskóg og sagði: „það væri gaman að hafa mörg tré og gera leikskólaskóg, í einu trénu á að vera kofi. Það væri líka gaman að geta hjólað í gegnum skóginn.“ Myndir 5 og 6 sýna dæmi um teikningar barnanna.



Mynd 5. Kóngulóaróla



Mynd 6. Leikskólaskógur

### Hugmyndir barnanna

Nokkrum dögum eftir að börnin fóru í þarfaleitina og höfðu greint hana, kom faðir eins barns í hópnum til leikskólakennarans og sagði frá því að barnið hans hefði sagt að það væri að koma trampólín og aparóla á leikskólalóðina. Mikilvægt var fyrir ferli verkefnisins að þessar upplýsingar komu fram vegna þess að þær bentu til misskilnings milli leikskólakennarans og barnanna þar sem börnin gerðu ráð fyrir að allar hugmyndirnar þeirra yrðu notaðar við breytingarnar á leikskólalóðinni. Þess vegna var farið aftur yfir þarfagreininguna með börnunum og hún rædd frekar.

Leikskólakennarinn benti börnunum á að þau hefðu komið með margar góðar hugmyndir og spurði svo hvort að þau héldu að öll leiktækin myndu komast fyrir á lóðinni í einu. Börnin voru sammála um að líklega þyrfti að stækka leikskólalóðina til þess. Í framhaldinu ræddi leikskólakennarinn við börnin um hvað hugmyndir væru og benti á að líklega yrðu þær ekki allar notaðar. Oft væri sú hugmynd fyrir valinu sem okkur þykir áhugaverðust eða best. Á sama hátt kæmi skipulags- og byggingafulltrúinn líklega til þess að skoða hugmyndir þeirra og velja þær sem gætu passað á lóðina.

### Fundur með skipulags-og byggingafulltrúa

Í anda áherslunnar á að vinna frekar með hugmyndir barna og birta þær í samfélaginu, helst þannig að þær hafi áhrif, var pantaður fundur fyrir börnin með skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins. Börnin fjögur, sem voru þátttakendur í verkefninu, ásamt leikskólakennara sínum voru boðuð á fund hans í nóvember 2012. Þau voru boðin velkomin í fundarsalinn og fengu sér sæti ásamt skipulags-og byggingafulltrúanum. Á meðan fundinum stóð fylgdist leikskólakennarinn með því sem fram fór, veitti börnunum stuðning þegar á þurfti að halda, skráði hjá sér það sem sagt var og tók myndir. Börnin voru búin að undirbúa sig þannig að þau skiptu með sér hlutverkum þar sem þau fóru yfir þarfagreininguna sína. Ein stúlkan ræddi meðal annars um og sýndi myndirnar af þeim hlutum sem voru á leikskólalóðinni og börnin töldu að ætti að vera þar áfram. Önnur stúlka gerði slíkt hið sama um það sem var á lóðinni og þyrfti ekki að vera þar. Skipulags- og byggingafulltrúinn hlustaði á stelpurnar af athygli og sýndi hugmyndum þeirra áhuga með því að svara þeim og spyrja nánar út í þær. Myndir 7 og 8 sýna börnin á fundinum.



**Mynd nr. 7 Fundur með skipulags-og byggingafulltrúa.**



**Mynd nr. 8 Drengur segir frá hugmynd sinni**

Annar drengjanna var frekar óðruggur fyrir fundinn og baðst undan því að tala. Leikskólakennaranum þótti það sjálfsagt en þegar stelpurnar tvær höfðu lokið máli sínu sagði þessi sami drengur: „má ég tala núna?“ Hann vildi þá segja frá hugmyndinni sem hann hafði teiknað. Hann sýndi því skipulagsfulltrúanum myndina sína af aparólu og útskýrði hvernig hún virkar og virtist ánægður með að hafa tekið til máls. Þá átti einn drengur eftir að fá orðið en hann sýndi teikningar af hugmynd sinni um að gera hjólastíg með beygju. Skipulags-og byggingafulltrúinn hlustaði áfram af áhuga á börnin og gaf sér tíma til að hlusta á hvert og eitt þeirra og spurði þau alltaf nánar út í hugmyndir þeirra. Í lokin sagði hann:



... sko krakkar, mér líst mjög vel á þessar hugmyndir ykkar og það er hugmynd okkar hér á skrifstofunni að láta teikna upp og jafnvel stækka lóðina þannig að það sé hægt að koma fyrir fleiri tækjum. Það er það sem við ætlum að huga að hérna, út frá, ég tala nú ekki um hugmyndir ykkar, þær eru bara mjög góðar og þá vinnum við eftir þessum hugmyndum sem þið komið með og sjáum hvernig við getum komið þessu fyrir. Eruð þið sátt við það?

(Fundur með skipulags- og byggingrfulltrúa, 21. nóvember 2012)

Börnin kinkuðu öll kalli til samþykkis og að lokum þakkaði skipulags- og byggingafulltrúinn þeim kærlega fyrir að koma og sýna sér hvernig þau vildu hafa leikskólalóðina sína. Eitt barnið sagði í lok fundarins: „Hvernig farið þið að byggja?“ Skipulags- og byggingafulltrúi svaraði: „Hvenær?... Það gæti orðið bara næsta sumar.“ Börnin virtust vera ánægð eftir fundinn og stolt af hugmyndum sínum sem yrðu vonandi nýttar við breytingar og framkvæmd nýrrar leikskólalóðar.

### Áhrif barnanna á breytingar leikskólalóðarinnar

Leikskólalóðinni var breytt sumarið 2013 og margar af hugmyndum barnanna voru teknar til greina og nýttar við framkvæmdirnar. Meðal annars fengu börnin kóngulóarálu á leikskólalóðina sem hefur verið mikið notuð en gömlu rólurnar voru ekki fjarlægðar þrátt fyrir að börnunum fyndist þær leiðinlegar. Lagður var hjólastígur með beygju og fleiri tré voru gróðursett. Klifurgrindin sem börnunum þótti óþörf var tekin burt og aðrar minni klifurgrindur settar í staðinn. Myndir 7 og 8 sýna dæmi um hugmyndir barnanna sem teknar voru til greina og nýttar.



Mynd nr. 7 Hjólastígur með beygju



Mynd nr. 8 Kóngulóarála

Ekki var hægt að uppfylla allar óskir barnanna til dæmis höfðu þrjú þeirra teiknað svokallaða aparólu sem þótti ekki hentug á leikskólalóðina. En þegar lagðar voru saman hugmyndir barnanna, starfsfólks leikskólans og hönnunaraðila var niðurstaðan að þeirra mati vel heppnuð leikskólalóð þar sem börn og starfsfólk una sér vel í leik og starfi.

### Umræður

Í þessu verkefni var unnið eftir þeim hugmyndum að börn séu hæf til þess að láta skoðanir sínar í ljós. Tengdar voru saman aðferðir nýsköpunarmenntar og Mósáík aðferðin til þess að fá fram sjónarmið barna um breytingar og endurhönnun leikskólalóðar. Börnunum, sem tóku þátt í þessu verkefni, voru skapaðar aðstæður sem studdi þau við að koma nýjum hugmyndum á framfæri (Craft, 2001). Möguleikahugsun barna var studd með því að gefa þeim tækifæri til þess að spyrja spurninga, koma auga á

vandamál eða málefni auk þess að tjá skoðanir sínar og ræða hugsanir. Börnin notuðu fjölbreyttar aðferðir til þess að þróa hugmyndir sínar og greina frá þeim, með ljósmyndum, teikningum og umræðum (Clark, 2005; Jeffrey og Craft, 2004). Síðan var fundin leið til þess að að koma þessum hugmyndum á framfæri.

Leikskólakennarinn velti því fyrir sér áður en þarfagreiningin fór af stað hvort að hugmyndir barnanna yrðu mjög stórtækar, það er hvort þau myndu vilja fá einhver „tívolítæki“ á skólalóðina. Börnin virtust hins vegar koma með hugmyndir sem þau tengdu við aðra leikvelli sem þau þekktu þannig að þær voru allar skynsamlegar og í þá átt að hægt væri að nota þær. Börnin studdust við ljósmyndir sínar og teikningar þegar þau útskýrðu hugmyndirnar fyrir hvert öðru, leikskólakennaranum og skipulags- og byggingafulltrúanum. Skipulags og byggingafulltrúinn staðfesti mikilvægi þeirra upplýsinga sem börnin gáfu honum með því að sýna hugmyndum barnanna áhuga og bregðast við þeim. Auk þess gaf hann það strax í skyn að þær yrðu notaðar þegar leikskólalóðin yrði endurskipulögð. Móttökur skipulags- og byggingafulltrúa voru mikilvægar fyrir börnin vegna þess að það var hjá honum sem ákvarðanir yrðu teknar um framkvæmdir á skólalóðinni. Börnin sýndu hvers þau voru megnug þar sem þau höfðu sjálfstæðar skoðanir og eigin sýn á leikskólalóðina sína (Jóhanna Einarsdóttir, 2006) sem þau virtust tengja við reynslu sína af öðrum skólalóðum og leikvöllum. Þetta er í samræmi við niðurstöður Svanborgar R. Jónsdóttur (2004; 2011) sem sýna að börn tengja þarfaleit yfirleitt við eigin þarfir í daglegu lífi og að hún endurspeglir vel samfélag og umhverfi þeirra.

Þegar hlustað er á hugmyndir barna og þeim komið á framfæri getur það gefið þeim aukinn áhrifamátt (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012). Leikskólakennarinn hafði fyrirfram gert ráð fyrir að einn drengjanna myndi ekki vilja tjá sig á fundinum með skipulags- og byggingafulltrúanum en þegar komið var á staðinn bað hann um það. Þetta er dæmi um það hvernig drengurinn valdefldist við það að fá tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri. Annað dæmi um valdeflingu barnanna var í lok fundarins þegar börnin gengu ánægð og stolt út.

Börnin voru studd til þess að gera hugmyndir sínar sýnilegar og koma þeim á framfæri en þannig gátu þau haft áhrif á sitt nánasta umhverfi (Clark og Moss, 2001; Svanborg R. Jónsdóttir o.fl., 2014). Hugmyndir þeirra voru teknar alvarlega og þannig urðu raddir þeirra afl til breytinga á leikskólalóðinni. Niðurstaða fundarins með skipulags- og byggingafulltrúa snérist ekki um það hvort hugmyndir barnanna yrðu notaðar heldur hvernig. Það hefði þó verið áhugavert að fylgja þessu verkefni betur eftir með því að komast að því hvernig hönnunaraðilar unnu úr þeim hugmyndum sem lagðar voru á þeirra borð. En þegar upp var staðið kom það fram á nýrri leikskólalóð að börnin höfðu áhrif þar sem hugmyndir þeirra voru notaðar í bland við hugmyndir leikskólakennara og hönnunaraðila.

## Lokaorð

Þessi grein sýnir eina leið af mörgum sem hægt er að fara til þess að fá fram hugmyndir barna um umhverfið sem þau leika sér í nánast daglega. Mikilvægt er að börn hafi áhrif á leikskólastarf meðal annars með því að gefa þeim tækifæri til þess að þróa hugmyndir sínar og tjá með ýmsum hætti. En það að leita eftir hugmyndum barna þarf að hafa tilgang sem þýðir að það þarf jafnframt að koma þessum hugmyndum framfæri. Yfirleitt er það í valdi fullorðinna sem taka ákvarðanir um það hvernig þeir hlusta á börn, hvaða raddir heyrast og hvernig þeir koma hugmyndum barnanna á framfæri. Börnin í þessu verkefni voru einungis fjögur og skrifstofa skipulags- og byggingafulltrúans staðsett í næsta húsi við leikskólann. Því var, í þessu tilfalli, ekki mjög flókið ferli að fá fram hugmyndir barnanna um umhverfi leikskólans og koma þeim á framfæri. En það má vel

yfirfæra þessa aðferð á fjölmennari leikskóla þar sem fjarlægðirnar við þá sem taka ákvarðarnir eru meiri. Það sem er mikilvægt að hafa í huga er að koma auga á þær fjölbreyttu leiðir sem hægt er að fara til þess að börn fái að vera með í ráðum þannig að þau geti tekið virkan þátt í móta umhverfi sitt sem þau nýta til leiks og náms. Einnig að gæta þess að hugmyndir þeirra fái að birtast á einhvern hátt og helst að hafa sýnileg áhrif. Okkar niðurstaða er þess vegna sú að til þess að börn geti haft áhrif þurfa kennarar fyrst að vera meðvitaðir um rétt barna til að tjá sig og að tileinka sér það viðhorf að börn séu hæf og sterk. Einnig teljum við mikilvægt að kennarar geti leyft börnum að taka stjórn á verkefnum sínum og að þeir styðji þau í að koma hugmyndum sínum á framfæri. Slík nálgun yfir undir skapandi og lausnamiðaða hugsun barna og þá tilfinningu að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt. Með þessum hætti geti hugmyndir barna og nýsköpunarment orðið áhrifaþáttur í skólastarfi.

Þetta verkefni er dæmi um hvernig unnið var með aðferðum nýsköpunarmentar í leikskóla til að draga fram raddir barna, ýta undir sköpunarfærni þeirra og trú á að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt. Við vonumst til að verkefnið geti gefið fleiri leikskólakennurum og stjórnendum hugmyndir um hvernig má vinna með hugmyndir barna og nýsköpunarment í leikskóla.

## Heimildir:

Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011.

Amabile, T. (1998). 'How to kill creativity'. *Harvard Business Review*, 76(5), 76-87.

Anna Magnea Hreinsdóttir (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.), *Raddir barna* (bls. 75–98). Reykjavík: Rannung og Háskólaútgáfan.

Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir (2012). Skráning námssagna. Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.), *Raddir barna* (bls. 99-118). Reykjavík: Rannung og Háskólaútgáfan.

Clark, A. (2005). Ways of seeing: using the Mosaic approach to listen to young children's perspectives. Í A. Clark, A. T. Kjörholt, og P. Moss (ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 11–28). Bristol: Policy Press.

Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau.

Craft, A. (2001). *An analysis of research and literature on creativity in education*. London: Qualifications and Curriculum Authority.

Craft, A. (2006). 'Little c Creativity'. Í A. Craft, B. Jeffrey & M. Leibling (ritstj.), *Creativity in education* (bls. 45-61). London: Continuum.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2013). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation*. London: Routledge.

Jeffrey, B. og Craft, A. (2004). Teaching creatively and teaching for creativity: distinction and relationships. *Educational Studies*, 30(1), 77–87.  
doi:10.1080/0305569032000159750

Jóhanna Einarsdóttir (2006). Leikskólinn frá sjónarhóli barna. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 69–96.

Jóhanna Einarsdóttir (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls.17–32). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Joubert, M. M. (2006). The Art of Creative Teaching: NACCE and Beyond. Í A. Craft, B. Jeffrey og M. Leibling (ritstj.), *Creativity in education* (bls. 17–34). London: Continuum.

Kaufman, J. C. og Beghetto, R. A. (2009). Beyond big and little: the four c model of creativity. *Review of General Psychology*, 13(1), 1–12.

*Lög um leikskóla nr. 90/2008*. Sótt af: <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>

NACCCE. (1999). *All our futures: Creativity, culture and education*. London: Department for Education and Employment.

*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (1989). Sótt af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/crc/>

Svanborg R. Jónsdóttir (2004). Nýsköpun í grunnskóla. Skapandi skóli í tengslum við raunveruleikann. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2004/002/index.htm>

Svanborg R. Jónsdóttir. (2008). Two sides of the same coin: Innovation education and entrepreneurial education in Iceland. *Bulletin of Institute of Vocational and Technical Education* 5, 109–118.

Svanborg R. Jónsdóttir. (2011). *The location of innovation education in Icelandic compulsory schools*. Óútgefin doktorsritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Svanborg R. Jónsdóttir og Allyson Macdonald. (2013). Settings and pedagogy in innovation education. Í L. V. Shavinina (ritstj.), *The Routledge international handbook of innovation education* (bls. 273–287). London: Routledge.

Svanborg R. Jónsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Jóhanna Karlsdóttir og Gunnar E. Finnbogason. (2014). Að uppfæra Ísland: Sýn stjórnenda íslenskra framhaldsskóla á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og framkvæmd námssviðsins í námskráfræðilegu ljósi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/011.pdf>

Svanborg R. Jónsdóttir, Page, T., Gísli Þorsteinsson og Nicolescu, A. (2008). An investigation into the development of innovation education as a new subject in secondary school education. *Cognition, Brain, Behavior. An Interdisciplinary Journal*, 12(4), 453–468.

### Um höfunda

Sara Margrét Ólafsdóttir ([smo10@hi.is](mailto:smo10@hi.is)) lauk B.Ed. í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003 og M.Ed. í Menntunar- og kennslufræðum ungra barna árið 2013. Hún er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en vinnuheiti doktorsverkefnisins er „Viðhorf barna til athafna sinna í leikskólanum.“ Sara Margrét hefur tekið þátt í rannsóknarsamstarfi á vegum RannUng (Rannsóknarstofa í Menntunarfræðum ungra barna) um vellíðan barna í leikskóla. Auk þess er hún þátttakandi í rannsóknarsamstarfi sem heitir POET (Pedagogies of Educational Transitions) þar er áhersla á að skoða samfellu í skólastarfi frá mismunandi sjónarhornum.

Svanborg Rannveig Jónsdóttir ([svanjons@hi.is](mailto:svanjons@hi.is)) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1978 með íslensku og dönsku sem aðalgreinar. Hún lauk M.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands 2005 með áherslu á nýsköpunarmennt. Árið 2011 lauk hún doktorsnámi frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er titill doktorsritgerðar hennar The location of innovation education in Icelandic compulsory schools. Rannsóknir hennar eru á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar, námskráfræða, skapandi skólastarfs, breytingastarfs í skólum og kennaramenntunar.

### Efnisorð

Nýsköpunarmennt, leikskóli, hugmyndir barna, þátttaka, valdefling.

### About the authors

Sara Margrét Ólafsdóttir is a PhD-student in the School of Education at the University of Iceland.

Svanborg Rannveig Jónsdóttir is associate professor in the School of Education at the University of Iceland.

### Key words

Innovation education, preschool, children's ideas, participation, empowering.



Sara M. Ólafsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir (2016).  
Nýsköpunarmennt í leikskólastarfi: Hugmyndir barna um hönnun leikskólalóðar  
*Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af [http://netla.hi.is/greinar/2016/alm/01\\_alm\\_arsrit.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/alm/01_alm_arsrit.pdf)